

Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið
Sent í Samráðsgátt

Reykjavík, 28. september 2023

Efni: Umsögn um frumvörp til laga um Loftslagsstofnun og Náttúruverndar- og minjastofnun

Samtök atvinnulífsins og Samtök iðnaðarins (hér eftir „samtökin“) hafa tekið til umsagnar frumvörp til laga um annars vegar Loftslagsstofnun og hins vegar Náttúruverndar- og minjastofnun. Samtökin skiluðu umsögn um áform um sameiningu stofnana umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytisins í Samráðsgátt, dags. 13. júní 2023, og er sú umsögnin sem hér fer á eftir þeirri umsögn til fyllingar.

Í því frumvörpum þeim sem hér ræðir er ætlunin annars vegar að sameina Orkustofnun og þess hluta starfsemi Umhverfisstofnunar er lýtur að umhverfis- og loftslagsmálum og hins vegar að sameina náttúruverndarhluta Umhverfisstofnunar, Minjastofnunar, Vatnajökulsþjóðgarð og Þjóðgarðinn á Þingvöllum. Gert er ráð fyrir að til verði tvær kröftugar og faglega öflugar stofnanir sem verði vel í stakk búnar til að takast á við hinar stóru áskoranir í umhverfismálum.

Samtökin fagna frumvörpunum og telja að um sé að ræða mikilvægar breytingar í þágu hagræðingar og aukinnar skilvirkni í ríkisrekstri.

Mikilvægt er að líta til þess, við sameiningu Orkustofnunar og hluta af starfsemi Umhverfisstofnunar í nýja Loftslagsstofnun, hvernig unnt sé að tryggja sjálfstæði raforkueftirlits hér á landi í samræmi við EES gerðir á sviði raforkumála og fyrirliggjandi ábendingar ESA um þá framkvæmd hér á landi. Skoða ætti hvort slíkur eftirlitsaðili skuli rekinn aðskilinn frá þeirri stjórnsýslueiningu. Er hér vísað í umsögn SI um frumvarp að breytingu á lögum um Orkustofnun og raforkulögum dags. 17. maí 2023.¹ Þá mun slík sameining einnig hafa í för með sér tækifæri til einföldunar á stjórnsýslu og leyfisveitingaferli er viðkemur málaflokkum á sviði orku- og umhverfismála. Í því samhengi vísast til fyrirliggjandi ábendinga í skýrslu sem VSÓ ráðgjöf vann fyrir Samorku, SI og SA um málsmeðferð við leyfisveitingar og mat á umhverfisáhrifum.²

Minni tvíverknaður og skörun verkefna leiðir til betri nýtingar á því takmarkaða fé sem varið er til eftirlits, minni reglubyrði fyrir atvinnulífið og skilvirkari framkvæmd eftirlits. Ein mikilvægasta kerfisbreytingin sem hægt er að ráðast í til að auka skilvirkni og draga úr reglubyrði er að endurskipuleggja starfsemi eftirlitsstofnana þannig að verkefni þeirra séu sameinuð og samþætt en með því má lágmarka tvíverknað og skörun verkefna, segir

¹ <https://www.althingi.is/altext/erindi/153/153-4762.pdf>

² <https://www.si.is/upplýsingar-og-utgafa/skyrslur-og-rit/malsmedferd-vid-leyfisveitingar-og-mat-a-umhverfisahrifum>


til dæmis í skýrslu vinnuhóps á vegum forsætisráðuneytisins um eftirlitsstofnanir sem birt var árið 2014.

Einfalt, skilvirk og hagkvæmt starfsumhverfi fyrirtækja skiptir sköpum fyrir samkeppnishæfni Íslands. Samtökin vilja hvetja umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið til að huga að þessu og nýta tækifærið við fyrirhugaðar stofnanasameiningar til að endurskipuleggja og auka skilvirkni eftirlits, draga úr opinberum samkeppnisrekstri og auka útvistun.

Hið opinbera hefur lengi verið beinn þátttakandi í íslensku atvinnulífi og spannar samkeppnisrekstur þess nokkuð breitt svið, allt frá meðhöndlun úrgangs til fjármálaþjónustu. Tryggja þarf að starfsumhverfi opinberra fyrirtækja í samkeppnisrekstri sé sambærilegt við það sem á við um fyrirtæki á einkamarkaði. Samkeppni við einkaaðila er ýmist stunduð innan einstakra ríkisstofnana eða í sérstökum félögum. Opinberum samkeppnisrekstri fylgja margar áskoranir og hafa þarf sérstakar gætur á að raska ekki samkeppni, til dæmis með skattaundanþágum, hærri launum en á almennum markaði, niðurgreiðslum úr almannasjóðum eða beinum samningum án útboða svo fátt eitt sé nefnt. Opinberar stofnanir eru þarna ekki undanskildar en borið hefur á auknum samkeppnisrekstri hjá Veðurstofunni, ÍSOR og Landmælingum Íslands ásamt aukinni innhýsingu verkefna í beinni samkeppni við verkfræðistofur á einkamarkaði, en innhýsing opinberra aðila á verkfræðiþjónustu hefur verið mikil og takmarkandi þáttur fyrir framþróun verkfræðistofa.³ Samtökin vilja þ.a.l. hvetja ráðuneyti umhverfis-, orku- og loftslagsmála til að nýta tækifærið við sameiningu opinberra stofnana til endurskoðunar á starfsemi þeirra með það að markmiði að draga úr samkeppnisrekstri þeirra og innhýsingu verkefna.

Aukin skilvirkni ríkisstofnana er okkur öllum til hagsbóta og með vísan til alls framangreinds vilja samtökin hvetja til þess að málið hljóti góðan framgang og að frumvarp verði samþykkt á síðari stigum. Að öðru leyti eru ekki gerðar frekari athugasemdir að svo komnu máli. Samtökin áskilja sér þó rétt til að koma frekari athugasemdum á framfæri á síðari stigum og eru reiðubúin að veita frekari upplýsingar ef eftir því verður leitað.

Virðingarfyllst,



f.h. Samtaka atvinnulífsins
Árni Grétar Finnsson



f.h. Samtaka iðnaðarins
Sigríður Mogensen

³ https://www.si.is/media/_eplica-uppsetning/Greining-SI_Skortur-a-vinnuafli-og-innhysing-verkefna-hja-hinu-opinbera-heftir-voxt-verkfraedistofa-01-07-2022.pdf